

Komið sæl

Nú er september liðinn og fór skólastarfið vel af stað. Allir hópar eru byrjaðir í hópastarfi þar sem hin ýmsu verkefni fléttast saman og útkoman, skemmtilegt fjölbreytt starf bæði inni og úti. Börnin eru nú flest orðin örugg í leikskólanum og farin að venjast þessari skemmtilegu veröld sem leikskólinn er.

Við fengum gesti í heimsókn frá leikskólanum Iðavelli á Akureyri og má segja að skólinn okkar hafi vakið hrifningu gesta og ekki síst lóðin okkar sem hefur vakið athygli fólks víðs vegar að. Í tímaritinu Heimili og skóli mun fljótlega birtast grein um lóðina okkar og þá helst það foreldrasamstarf sem átti sér stað.

Bestu kveðjur

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.



Uppbygginarstefnan

Í Krílakoti vinnum við markvisst að því að skapa umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem öllum líður vel og bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt.....

Einar Ben.

Kátakot í heimsókn

Börnin sem fóru á Kátakot í haust koma að heimsækja okkur.

Hlökkum til að fá þau í heimsókn.

Heimasíðan okkar

<http://www.dalvik.krilakot.is>



Á grænni grein

Umhverfisnefndin hefur fundað og er gott útlit með að grænfánanum verði flaggað í vor. Næsta skref okkar var að fá foreldra með og á foreldrafundi í september buðu eftirfarandi foreldrar sig fram í nefndina:

Dagur Óskarsson
Katrín Kristinsdóttir
Óliver Hilmarsson

Fundur verður haldinn með foreldrum
fimmtudaginn 20. október kl:12:30-13:30.

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Erna Þórey Björnsdóttir
Ívar Örn Vignisson
Kornelia Anna Klimek
Mariusz Robert Klimek
Óliver Hilmarsson
Hólmfríður Guðrún Skúladóttir

Tónar eiga töframál

Tónlistarverkefnið okkar fer á fulla ferð frá 3. október og mun Þura sjá um framkvæmd og eftirfylgd. Nú er skýrslugerð að ljúka vegna síðasta skólaárs og verður hún gerð opinber fljótlega.



Brunaæfing 3. okt

Æfingin gekk mjög vel. Börnin örlítið hrædd við hávaðann en jöfnuðu sig fljótt



Afmæli Krílakots

Þann 9. september átti Krílakot 31. árs afmæli. Í tilefni dagsins grillaði foreldrafélagið pylsur handa okkur í hádeginu og Þura var með samveru úti á lóð. Einnig færði foreldrafélagið okkur kubba að gjöf og þökkum við kærlega fyrir þessa frábæru gjöf sem hefur slegið í gegn.



Leikskólalæsi

Í Krílakoti er unnið markvisst með læsi.

Við hvetjum foreldra til að vera duglega að lesa fyrir börnin heima.



Foreldraáðsfundur

Verður haldinn í Krílakoti
12. október klukkan 17:00.

Foreldraráð 2011-2012:

Þórunn Jónsdóttir
Guðrún Anna Óskarsdóttir
Klemenz Bjarki Gunnarsson
Nimnual Khaklong

